

Pingsályktunartilögur um samgönguáætlun 2020-2024-2034

Umsögn Samtaka um betri byggð (BB)

Samantekt

Yfirtaka ríkisins á Vatnsmýrinni 1946 var landtaka, nytjastuldur og svipting óskoraðs sjálfstæðis og fullveldis Reykjavíkur. Borgarbúar misstu besta mannvistarsvæðið og yfirráð á lofthelgi yfir Nesinu vestan Elliðaána. Skipulagsvald færðist til ríkisins. Tjón borgarbúa og annara landsmanna í 74 ár er gríðarlegt og vaxandi.

Frá 1946 var útbensla byggðar stjórnlaus og hefur sigið æ hraðar á ógæfuhlið í helsta hagkerfi Íslands þar sem amk. 80% landsmanna búa, starfa og sækja þjónustu. Höfuðborgarsvæðið (HBS) varð til. Glænýtt þéttbýli fyrir aðflutta íbúa af landsbyggðinni spratt upp úr engu á áður ósnortnu landi umhverfis Reykjavík þar sem nú (2020) búa um 100.000 manns eða 28% landsmanna (Kraginn).

Afleiðingar flugs í Vatnsmýri s.l. 74 ár eru án hliðstæðu í þróunarsögu borga heimsins. Forsendur íslensku borgarinnar gjörbreyttust. Hún varð amk. fjófalt víðáttumeiri en ella. Í stað miðborgar kom flugvöllur. Í miðjunni var fest í sessi auðn, varin yfir og allt um kring af skerðingarflötum og „glerþaki“.

Markmið yngri kynslóða um bættu lýðheilsu, mannvænt borgarumhverfi, minni landflóttu (600 á ári að meðaltali í áratugi), aukið öryggi, minni loftmengun, minni útblástur CO₂, betri strætó, fjórðu iðnbyltinguna og ólíka ferðamáta nást aðeins með þéttri og blandaðri miðborgarbyggð í Vatnsmýri.

Akstur vex líklega hlutfallslega fram yfir 2030 og reyndar mun lengur, þvert á forsendur núgildandi AR-2030 vegna framlengdrar veru flugvallar í Vatnsmýrir. 2001 samþykktu kjósendur í Reykjavík að flugi skyldi hætt í Vatnsmýri 2016. 2013 ákváðu borg og ríki að fresta því um 6 ár til 2022 (AV-braut 2024).

Og nú hefur ríkið með aðstoð sveitarfélaga í Kraganum framlengt veru flugvallar í Vatnsmýrir um 20 ár og svinbeygt borgaryfirvöld til þátttöku í BORGARLÍNU með gríðarlegum fórnunum en litlum ef nokkrum ábata. Búseta 20 árganga nýrra borgarbúa er „þvinguð“ við strætóleiðirnar að ysta jaðri.

Hópur sérfræðinga telur að Reykjavík nái ekki alþjóðlegu markmiði um minnkun á losun CO₂ fyrir 2030 nema byggt verði í Vatnsmýri. BORGARLÍNA og róttæk ORKUSKIPTI ein og sér muni ekki nægja.

NÝ MIÐBORG í Vatnsmýri minnkar þörf fyrir amk. 50.000 einkabíla og dregur auk þess úr akstri með því að minnka pendlun (akstur inn að morgni, út síðdegis). 50.000 „NÚLLBÍLAR“ kosta ekkert, menga ekkert og skilja ekki eftir kolefnisspor. Jafnmargir rafmagnsbílar eru dýrir, hafa kolefnisspor úr framleiðsluferlinu og eyða raforku, sem nýta mætti betur.

Innanlandsflugs er niðurgreitt með ríkisstyrk (upb. 300.000.000kr á ári), árlegum upb. 2.000.000.000 kr. nýbyggingar- og rekstrarkostnað innanlandsflugvalla og ógreiddri lóðarleigu vegna flugvallar í Vatnsmýri. Bændur greiða 3,5% af ríkisjörðum og er eðlileg árleg lóðarleiga því 7.000.000.000 kr.

97% landsmanna nota aldrei innanlandsflug. Flugfarþegar eru aðallega stórnotendur. Flugrekendur og greiðendur flugmiða stórnotenda njóta helst ábata af niðurgreiðslunum. Skoska leiðin er fráleit. BB benda á að sjálfbært innanlandsflug er aðeins mögulegt með samþættingu við millilandaflug.

Rögnunefndin taldi 2015 að Hvassahraun væri góður kostur fyrir nýtt flugvallarstæði. Það samræmist niðurstöðu ACI árið 2000 og niðurstöðu nefndar Jóns Gunnarssonar 2017. Fjarlægð í Hvassahraun frá

miðju HBS er þriðjungur vegalengdar í Leifsstöð. Stækka má innanlandsflugvöll í millilandaflugvöll skv. framtíðarþörfum. Landsbyggðarbúar komast þá beint út í heim og erlendir túristar beint út á land. Ekkert fé er áætlað í nýjan innanlandsflugvöll í Hvassahrauni, hvorki í SGÁ til 5 ára né í 15 ára áætlun. Innan þriggja ára vikur NS braut úri Vatnsmýri og völlum allur 2024.

Í flugvallaskýrslu samgönguráðherra 28.11. 2019 er áhersla á millilanda- og varaflugvöll svo fresta megi lokun Vatnsmýrarflugvallar um 20 ár. Í fyrri athugunum (1964, 1966, 2000, 2007, 2015 og 2017) var áhersla á innanlandsflugvöll svo rýma mætti Vatnsmýri fyrir NÝRRI MIÐBORG.

BB hafa ítrekað bent Reykjavíkurborg á mikilvægi þess að bera saman tvo meginvalkosti vegna framtíðarþróunar byggðar og samfélags í borginni við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur, sem nú stendur yfir: Óbreytt BORGARLÍNA annars vegar og NÝ MIÐBORG í Vatnsmýri hins vegar.

Vatnsmýri var og er langbesta mannvistar- og bygginarsvæði höfuðborgarinnar fyrir umfangsmikla miðlæga byggð m.a. vegna víðáttu sinnar, stöðu svæðisins í borginni, flatlendis, jarðvegsdýptar, skjóls fyrir norðlægum vindum og ekki síst vegna hæfilegrar fjarlægðar frá eldri byggð.

BB leggja áherslu á NÚLLSÝN í vegamálum og fjórþætta áætlun um UMFERÐARÖRYGGI OG SLYSAFÆKKUN: 5% árleg fækkun í 15 ár, forgangsröðun skv. slysafækkunararðsemi, fjármögnun hvers 5 ára tímabils skv. faglegri hönnun og kostnaðarmati og árlegri endurskoðun.

BB telja að ljúka skuli uppbyggingu samgöngukerfis og annara innviða án sérsköttunar ma. á eftirfarandi hátt: Með arði af rekstri / sölu ríkisbanka, arði af Landsvirkjun, arði af sölu lóða í Vatnsmýri, arði af öðrum auðlindum og lántöku (vextir í sögulegu lágmarki)

Verðmæti ríkislands í Vatnsmýri er amk. 100 milljarðar kr, verðmæti borgarlands amk. 200 milljarðar.

Mikilvægt er að ljúka vinnu við almannavarnaráætlun höfuðborgarsvæðisins og samþætta hana svæðisskipulagi, aðalskipulagi og þeim áætlunum, sem hér eru til umræðu.

Reykjavík 05.03.2020

Frankvæmdastjórn Samtaka um betri byggð (BB)